

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags lífeindafræðinga

Desember 2023

1. Inngangur

1.1 Samningur þessi er gerður á grundvelli samkomulags um breytingar og framlengingu á kjarasamningum Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs. Markmið samnings þessa er að gera Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) samkeppnishæft í launum við aðrar ríkisstofnanir sem lífeindafræðingar starfa á, stuðla að því að rannsóknardeildir SAK verði eftirsóttur vinnustaður sem laðar til sín hæfustu starfsmennina.

1.2 Aðilar að samkomulagi þessu eru Sjúkrahúsið á Akureyri og Félag lífeindafræðinga.

1.3 Launasetning forstöðumanns rannsóknardeildar er í höndum framkvæmdastjórnar.

2. Skilmerki um flokkun starfa

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka eru fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem felast í störfum lífeindafræðinga auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Við mat á þessum þáttum skal miða við starfslýsingar, verklýsingar og að öðru leyti mat á störfunum er byggt á hlutlægum mælikvörðum þannig að samræmis sé gætt milli sambærilegra starfa.

3. Skilgreiningar á störfum

Í skilgreiningum á störfum lífeindafræðinga er lagt til grundvallar að draga fram grunnkröfur starfsins, ábyrgð, helstu þætti og markmið í starfsþróun. Í lýsingum á einstökum störfum er leitast við að takmarka endurtekningar, þó svo að þær kröfur sem koma fram í efnisatriðum hvers starfs fylgi að sjálfsögðu með í næsta starfi á eftir.

3.1 Almenn störf (störf A og 1 til 5)

Störf eru sex og miðast við eftirfarandi skilgreiningar.

Við lágmarksröðun í launaflokk hjá lífeindafræðingum 1-5 hefur verið gert ráð fyrir því námi sem krafist er til starfsleyfis:

- | | |
|-------------------------------------------------|------------------------|
| • Starf A, starfsmaður með B.Sc í lífeindafræði | launaflokkur 8 |
| • Lífeindafræðingur 1 | launaflokkur 9 |
| • Lífeindafræðingur 2 | launaflokkur 10 |
| • Lífeindafræðingur 3 | launaflokkur 10.1 |
| • Lífeindafræðingur 4 | launaflokkur 11 |
| • Lífeindafræðingur 5 | launaflokkur 11.1-11.2 |

Við ákvörðun um það hvar lífeindafræðingur raðast í starfaflokki 1-5 er miðað við færni hans til þess að sinna þeim verkefnum sem leysa þarf á viðkomandi starfseiningu. Við mat á þessari færni er í fyrstu miðað við starfsreynslu starfsmanns eftir að hann hefur öðlast

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags lífeindafræðinga

Desember 2023

starfsréttindi og mætir kröfum starfsins og stofnunarinnar. Lífeindafræðingur færast milli starfa eftir mati á þeirri kunnáttu og sérhæfingu sem hann hefur náð.

Í meginráttum er við það miðað að starfsmaður hafi öðlast þá færni að hann geti leyst öll þau verkefni sem eru í skilgreiningum fyrir starfið. Lífeindafræðingur færast á milli starfa eftir umsókn þar að lútandi til samstarfsnefndar.

Grunnröðun er lágmarksröðun starfa.

3.2 Nánari skilgreiningar á störfum

Starf A

Grunnkröfur:

Starfsmaður með B.Sc í lífeindafræði án starfsleyfis.

Helstu þættir:

Almenn verkefni:

- Starfsmaður nýtur tilsagnar og vinnur undir umsjón lífeindafræðings við störf og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður

Lífeindafræðingur 1

Grunnkröfur:

Íslenskt starfsleyfi frá Embætti landlæknis. Lífeindafræðingurinn er að hefja störf í fagi sínu og hefur einungis lokið starfsþjálfun sem hluta af háskólanámi sínu.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum lífeindafræðinga samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fagsins, starfseiningarinnar og stofnunar.

Helstu þættir:

Almenn verkefni:

- Starfsmaður nýtur tilsagnar reyndari starfsmanns við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

Lífeindafræðingur 2

Grunnkröfur:

Lífeindafræðingur með að jafnaði 1 árs starfsreynslu og getur leyst af öryggi almenn verkefni starfseiningar án beinnar tilsagnar.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum lífeindafræðinga samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fagsins, starfseiningarinnar og stofnunar.

Helstu þættir:

- Starfsmaður starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu
- Metur árangur starfsins og gæði þeirra rannsókna sem hann framkvæmir.
- Sinnir bakvöktum jafnt á við aðra starfsmenn deildarinnar ef við á.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags lífeindafræðinga

Desember 2023

Lífeindafræðingur 3

Grunnkröfur:

Umfram starf 2, og hefur starfað í 2 ár sem lífeindafræðingur.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum lífeindafræði samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fagsins, starfseiningarinnar og stofnunar.

Helstu þættir:

- Skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja.
- Tekur þátt í að veita fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags innan deildar og er þátttakandi í gæðastarfi.

Lífeindafræðingur 4

Grunnkröfur:

Lífeindafræðingur hefur mjög mikla starfreynslu í faginu og getur leyst af hendi öll verkefni fagsins, hefur öðlast mikla reynslu í starfi og er fær um að skipuleggja og leysa sjálfstætt öll verkefni starfsins. Lífeindafræðingur hefur að jafnaði starfað 5 ár sem lífeindafræðingur.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum lífeindafræði samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fagsins, starfseiningarinnar og stofnunar.

Helstu þættir:

- Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja.
- Skipuleggur og veitir fræðslu auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags innan deildar og er þátttakandi í gæðastarfi.

Lífeindafræðingur 5

Grunnkröfur:

Lífeindafræðingur hefur mjög mikla starfsreynslu í faginu og getur leyst af hendi öll verkefni fagsins sem ekki krefjast framhaldsmenntunar/sérfræðileysis og hefur að jafnaði starfað í 8 ár sem lífeindafræðingur.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum lífeindafræði samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fagsins, starfseiningarinnar og stofnunar.

Helstu þættir:

- Viðtæk þekking sem byggir á viðamikilli og fjölbreyttri reynslu og sí- og endurmenntun.
- Færni til þess að takast á við fjölbætt/fjölbreytt verkefni sem krefjast reynslu og færni í öllum þáttum í starfsemi starfseiningar/starfs og krefjast þess að starfsmaður sýni frumkvæði og sjálfstæði og sé leiðandi í starfi.
- Færni til að hafa umsjón með og bera ábyrgð á úrlausn afmarkaðra verkefna og taka þátt í þróun og stjórnun deildar.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags lífeindafræðinga

Desember 2023

- Er ráðgefandi varðandi sérhæfðar rannsóknir.
- Skipuleggur kennslu á sínu sérsviði.

Lífeindafræðingur sem hefur starfað hjá SAK (áður FSA) í 20 ár, raðast í efri spönn starfaflokks lífeindafræðings 5.

Sérfræðingsstarf

Grunnkröfur:

Starf samkvæmt sérstakri auglýsingu þar sem gerð er krafa um sérfræðileysi í viðkomandi fræðigreini á fagsviði starfs. Viðkomandi starfsmaður hefur meistara- eða doktorspróf að baki og skal hafa leyfi ráðuneytis til að kalla sig sérfræðing í viðkomandi fræðigreini. Starfsmaður með sérfræðileysi, í starfi sem slíkur, fær tvo launaflokka ofan á grunnröðun.

4. Sérverkefni (1- 2 viðbótarlaunaflokkar)

Auk almennra starfa eru skilgreind sérverkefni sem byggja á því að starfsmaður geti fengið 1-2 launaflokka ofan á grunnröðun launa sinna fyrir umsjón með sérstaklega skilgreindum verkefnum eða ábyrgð, sem fellur utan hefðbundinna starfa.

Skilyrði er að starfið sé skilgreint í starfslýsingu og/eða erindisbréfi og staðfest af forstöðumanni rannsóknardeildar. Slík störf skulu hafa upphafs- og lokatíma, þó ekki lengri tíma en 24 mánuði í senn.

4.1 Nánari skilgreining á sérverkefnum

Grunnkröfur:

Gerð er krafa um sérstaka færni í starfi, sérþekkingu og reynslu á sviði ákveðinna málaflokka. Einnig er gerð krafa um skipulagshæfileika, reynsla af stjórnun er æskileg og færni í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að starfsmaður hafi viðbótarmentun eða hafi sýnt sérstakt frumkvæði og áhuga á viðkomandi verkefni/málaflokki.

Ábyrgð:

Starfsmaður ber ábyrgð sem skilgreind er í starfslýsingu/erindisbréfi þar sem m.a. skal skýrt tekið fram um verksvið og valdmörk starfsins.

Helstu þættir

Starfið þarf að fela í sér að lágmarki tvo af neðangreindum þáttum til að greiða fyrir það einn viðbótarlaunaflokk, fyrir fjóra eða fleiri þætti greiðast tveir viðbótarlaunaflokkar:

- Umsjón og ábyrgð á þjónustu og fagþróun í ákveðnum málaflokki/-flokkum eða við ákveðna starfseiningu/einingar.
- Umsjón og ábyrgð á þróunarvinnu, gæðastjórnun, breytingastjórnun og innleiðingu nýjunga.
- Umsjón og ábyrgð á gerð og uppfærslu verkferla
- Stjórnun starfsmanna samkvæmt sérstöku umboði yfirmanns eða sem staðgengill yfirmanns s.s. verkstjórn, skipulagningu og samræmingu á vinnu starfsmanna á einingu/einingum samkvæmt stjórnskipuriti.
- Ábyrgð á faglegri þróun, þátttöku í þverfaglegri vinnu og í skipulagningu og stefnumótun.
- Umsjón og ábyrgð á innleiðingu nýrrar tækni, aðferða eða meðferðarúrræða.
- Skipulagningu og umsjón með kennslu nemenda.
- Er staðgengill forstöðumanns.

5. Reynsla

Auk færslu milli starfa og þar með launaflokka (lóðréttur ás í launatöflu) getur starfsmaður fengið álagsþrep fyrir reynslu (láréttur ás í launatöflu). Reynsla er metin til hækkunar um allt að 1 álagsþrep samanlagt af viðkomandi launaflokki.

Lífeindafræðingur sækir um álagsþrep til samstarfsnefndar. Álagsþrep eru ákvörðuð samkvæmt gögnum um starfsreynslu og tryggð við stofnun.

5.1 Skipting álagsþrepa

Aukin reynsla

10 ár í starfi sem lífeindafræðingur

eitt þrep

5.2 Nánari skilgreining og mat á einstökum þáttum

Aukin reynsla

Lífeindafræðingur sem starfað hefur í 10 ár frá útskrift fær eitt þrep á laun sín.

5.3 Áunnin starfsreynsla

Reynsla sem lífeindafræðingur hefur áunnið sér annars staðar frá verði lögð til jafns á við starfsreynslu á SAK.

5.4 Vaktir

Lífeindafræðingur sem tekur vaktir unnar eftir bakvaktar- eða vaktavinnukerfi fær eitt launþrep ofan á grunnröðun.

6. Formleg menntun og námskeið

Viðbótarnám umfram grunnkröfu starfs, sjá nánar fylgiskjal 1 (hámark 7 þrep)

6.1 Skipting álagsþrepa og launaflokka

Námskeið og fagráðstefnur 180 stundir	1 þrep
Diplómanám 30 ECTS sem nýtist í starfi	1 þrep
Diplómanám 60 ECTS sem nýtist í starfi	2 þrep
Meistaránám 120 ECTS sem nýtist í starfi	4 þrep
Doktorsnám sem nýtist í starfi	6 þrep

Samtals 7 þrep

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að sjö álagsþrep, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms umfram grunnkröfu starfs, sbr. nánar skilyrði mats samkvæmt fylgiskjali 1.

Grunnmenntunarkrafa sérfræðingsstarfs er meistarapróf.

Einingar milli prófgráða eða frá grunnkröfu starfs skulu aldrei tvítaldar við mat á námi.

Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun, vegna persónubundinna þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölu launaflokks sem er umfram átta álagsþrep færast í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags lífeindafræðinga

Desember 2023

7. Réttur til endurmats á röðun

Starfsmaður á rétt á endurmati á grunnröðun starfsins telji hann að forsendur röðunar hafi breyst. Jafnframt á hann rétt á upplýsingum um forsendur röðunar. Slíkt endurmat getur farið fram allt að einu sinni á ári. Við matið skal taka tillit til breytinga á starfi og starfssviði frá því starfið var metið síðast. Skriflegu rökstuddu erindi hér að lútandi skal beina til samstarfsnefndar.

Ágreiningsmálum vegna framkvæmdar stofnanasamningsins skal skotið til samstarfsnefndar.

Gildistaka

Samningur þessi gildir frá 01.09.2023 og gildir fyrir alla lífeindafræðinga á Sjúkrahúsinu á Akureyri sem starfa og njóta ráðningakjara samkvæmt gildandi kjarasamningi lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Samningur þessi er rafrænt undirritaður

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags lífeindafræðinga

Desember 2023

Bókun 1.

Greiðsla fyrir 3ju grein verður sólarlag. Greitt er áfram fyrir hana með sama hætti og áður.

Bókun 2

Tryggja skal við endurröðun að enginn lífeindafræðingur lækki í launum við gildistöku þessa samnings.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags lífeindafræðinga

Desember 2023

Fylgiskjal 1

Vinnureglur samstarfsnefndar varðandi mat á sí- og endurmenntun

Viðbótarnám/-menntun umfram grunnkröfu starfs – hámark 7 þrep

Námskeið og fagráðstefnur

Skipulögð námskeið/fagráðastefnur sem nýtast í starfi gefa lífeindafræðingi eitt álagsþrep á laun sín. Námskeiðin/fagráðastefnurnar skulu að lágmarki vera 6 kennslustundir eða hálf eining hvert, samtals 180 stundir. Skilyrði er að sýnt sé fram á viðveru með staðfestu skjali. Einungis námskeið og fagráðstefnur á síðustu 10 árum frá umsókn teljast gjaldgeng í þessu mati.

Viðbótarmenntun/diplómanám 30-60 ECTS einingar

Pegar starfsmaður hefur lokið formlegu 30 ECTS eininga diplómanámi á háskólastigi sem nýtist í starfi hækkar hann um eitt álagsþrep.

Pegar starfsmaður hefur lokið formlegu 60 ECTS eininga diplómanámi á háskólastigi sem nýtist í starfi hækkar hann um tvö álagsþrep.

Hámarkshækkun vegna diplómanáms umfram það sem þarf til starfsleyfis eru tvö þrep.

Að meginstefnu skal við það miðað að um samfelld nám sé að ræða. Ljúki starfsmaður tveimur 60 ECTS eininga diplómagráðum innan fags skal launa hann með fjórum þrepum. Ekki er hægt að fá fleiri þrep fyrir diplómanám og diplóma á öðrum sviðum en á sviði lífeindafræði, af heilbrigðisvísindasviði eða stjórnun innan heilbrigðisvísinda.

Meistarapróf 120 ECTS einingar

Starfsmaður með meistarapróf eða annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfur starfs, hækki sem nemur fjórum álagsþrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi.

Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launahækkun vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um tvö til þrjú álagsþrep.

Hámarkshækkun við mat á meistaraprófi eru fjögur þrep.

Doktorspróf

Starfsmaður með doktorspróf í sínu fagi hækki sem nemur sex álagsþrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. kemur því ekki til viðbótar við þá hækkun vegna doktorsprófs er að framan greinir. Hafi starfsmaður verið búinn að fá hækkun vegna meistaraprófs hækkar hann um tvö álagsþrep.

Einingar milli prófgráða eða frá grunnkröfu starfs skulu aldrei tvítaldar

Mannauðsráðgjafi kjaramála SAK
Sandra Guðrún Harðardóttir



Undirritað af:
Sandra Guðrún
Harðardóttir
2012882909
Dags: 21.12.2023
Tími: 11:07:08
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 84abc1fd-aeb9-
405a-9ab3-b479ba44ac43

Framkvæmdastjóri mannauðssviðs SAK
Erla Björnsdóttir



Undirritað af:
Erla Björnsdóttir
1111824429
Dags: 21.12.2023
Tími: 11:08:39
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 84abc1fd-aeb9-
405a-9ab3-b479ba44ac43

Fulltrúi lífeindafræðinga í samstarfsnefnd
Jóna Dögg Jóhannesdóttir



Undirritað af:
Jóna Dögg Jóhannesdóttir
1204783709
Dags: 21.12.2023
Tími: 11:21:26
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 84abc1fd-aeb9-
405a-9ab3-b479ba44ac43

Formaður félags lífeindafræðinga
Alda Margrét Hauksdóttir



Undirritað af:
Alda Margrét Hauksdóttir
1802632339
Dags: 27.12.2023
Tími: 14:06:58
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 84abc1fd-aeb9-
405a-9ab3-b479ba44ac43

Fulltrúi lífeindafræðinga í samstarfsnefnd
Jóhanna Kristjánsdóttir



Undirritað af:
Jóhanna Kristjánsdóttir
2806663789
Dags: 21.12.2023
Tími: 11:48:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 84abc1fd-aeb9-
405a-9ab3-b479ba44ac43